

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 258/2022

frá 23. september 2022

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/312 frá 24. febrúar 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) 2020/1429 að því er varðar lengd viðmiðunartímabilsins fyrir beitingu tímabundinna ráðstafana varðandi álagningu gjalda fyrir notkun á járnbrautargrunnvirkjum ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 37ar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1429) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 0312**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/312 frá 24. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2022, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2022/312, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 55, 28.2.2022, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

ÓOPINBER ÞÝÐING